

1. gr. Tilgangur.

Reglum þessum er ætlað að veita almenningi upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni alþingismanna og trúnaðarstörf þeirra utan þings og þar með auka gagnsæi í störfum Alþingis.

2. gr. Skylda til þess að skrá upplýsingar.

Alþingismenn skulu innan mánaðar frá því að nýkjörið þing kemur saman gera opinberlega grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum utan þings.

Alþingismenn skulu viðhalda skráningu sinni með því að skrá nýjar upplýsingar og viðbótarupplýsingar innan mánaðar frá því að þær liggja fyrir.

Skylda til að skrá upplýsingar samkvæmt reglum þessum tekur einnig til:

- a. varaþingmanna sem taka fast sæti á Alþingi,
- b. varaþingmanna sem hafa setið fjórar vikur samfelld á þingi og
- c. ráðherra sem eru ekki þingmenn.

Þeim sem taka sæti á Alþingi og hafa setið skemur en fjórar vikur samfelld á þingi er heimilt að skrá hagsmuni sína samkvæmt reglum þessum.

3. gr. Skrá um fjárhagslega hagsmuni og trúnaðarstörf.

Skrifstofa Alþingis skal halda skrá, og birta opinberlega, um fjárhagslega hagsmuni alþingismanna, svo og um trúnaðarstörf þeirra utan þings.

Skráin er byggð á upplýsingum sem alþingismaður færir á rafrænt eyðublað. Innfærslan felur í sér staðfestingu á skráðum upplýsingum og að nýjar upplýsingar verði færðar inn eftir því sem aðstæður breytast.

4. gr. Fjárhagslegir hagsmunir.

Eftirfarandi fjárhagslegir hagsmunir skulu skráðir:

1. *Launuð starfsemi.*
 - a. Launuð stjórnarseta í einkareknum eða opinberum félögum. Staða og félag skulu skráð.

- b. Launað starf eða verkefni (annað en launuð þingmannsstörf). Starfsheiti og nafn vinnuveitanda eða verkkaupa skulu skráð.
 - c. Starfsemi sem er rekin samhliða starfi alþingismanns og er tekjumyndandi fyrir hann eða félag sem hann á sjálfur eða er meðeigandi í. Tegund starfsemi skal skráð
2. *Fjárhagslegur stuðningur, gjafir, utanlandsferðir og eftirgjöf eftirstöðva skuldar.*
- a. Fjárframlag eða annar fjárhagslegur stuðningur frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum, þar á meðal stuðningur í formi skrifstofuaðstöðu eða hliðstæðrar þjónustu, sem fellur utan þess stuðnings sem Alþingi eða flokkur þingmannsins lætur í té, og verðgildi stuðnings nemur meira en 50 þús. kr. á ári. Enn fremur skal skráður fjárhagslegur stuðningur í formi afsláttar af markaðsverði og annars konar ívilnunar að verðmæti meira en 50 þús. kr. sem ætla má að sé veittur vegna setu á Alþingi. Skráð skal hver veitir stuðninginn og hvers eðlis hann er.
 - b. Gjöf frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum þegar áætla verður verðmæti hennar yfir 50 þús. kr. og að gjöfin sé veitt út af setu á Alþingi. Skrá skal nafn þess sem gefur, tilefni gjafar, hvers kyns hún er og hvenær hún er látin í té.
 - c. Ferðir og heimsóknir innan lands og utan sem geta tengst setu á Alþingi og útgjöldin eru ekki að öllu leyti greidd af ríkissjóði, flokki þingmannsins eða þingmanninum sjálfum. Skrá skal hver stóð undir útgjöldum ferðar, tímabil hennar og heiti áfangastaða.
 - d. Eftirgjöf eftirstöðva skuldar og ívilnandi breytingar á skilmálum sammings við lánardrottin. Skrá skal lánardrottin og eðli sammingsins.
3. *Eignir.*
- a. Fasteign, sem er að einum þriðja eða meira í eigu alþingismanns eða félags sem hann á fjórðungshlut í eða meira, annað en húsnæði til eigin nota fyrir alþingismann og fjölskyldu hans og lóðarréttindi undir slíkt húsnæði. Skrá skal heiti landareignar og staðsetningu fasteignar.
 - b. Heiti félags, sparisjóðs eða sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri, sem alþingismaður á hlut í og fer yfir einhver eftirtalinna viðmiða:
 1. Verðmæti hlutar nemur að markaðsvirði meira en 1 millj. kr. miðað við 31. desember ár hvert.
 2. Hlutur nemur 1% eða meira í félagi, sparisjóði eða sjálfseignarstofnun þar sem eignir í árslok eru 230 millj. kr. eða meira eða rekstrartekjur 460 millj. kr. eða meira
 3. Hlutur nemur 25% eða meira af hlutafé eða stofnfé félags, sparisjóðs eða sjálfseignarstofnunar
4. *Samkomulag við fyrrverandi eða verðandi vinnuveitanda.*
- Ekki skal skrá fjárhæð eða verðgildi þeirra þátta sem tilgreindir eru:
- a. Samkomulag við fyrrverandi vinnuveitanda sem er fjárhagslegs eðlis, þar á meðal samkomulag um orlof, launalaust leyfi, áframhaldandi launagreiðslur eða fríðindi, lífeyrisréttindi og ámóta meðan setið er á þingi. Skrá skal gerð samkomulags og nafn vinnuveitanda.
 - b. Samkomulag við framtíðarvinnuveitanda um ráðningu, óháð því að ráðningin taki fyrst gildi eftir að þingmaður hverfur af þingi. Skrá skal gerð samkomulags og nafn vinnuveitanda.

5. gr. Trúnaðarstörf utan þings.

Skráðar skulu upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf fyrir hagsmunasamtök, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félög önnur en stjórnsmálaflokka óháð því hvort þessi störf eru launuð eða ekki. Skrá skal nafn félags, hagsmunasamtaka, stofnunar eða sveitarfélags og eðli trúnaðarstarfs.

6. gr. Skráning upplýsinga.

Alþingismenn skrá upplýsingar á rafræn eyðublöð innan mánaðar frá því að nýkjörið þing kemur saman, varaþingmaður þegar hann hefur tekið fast sæti þingmanns eða eftir að varaþingmaður hefur setið fjórar vikur samfelld á Alþingi.

Nýjar upplýsingar skv. 4. og 5. gr., þar með taldar upplýsingar um nýfengna hluti í félögum eða breytingar á áður skráðum upplýsingum, skulu skráðar innan mánaðar eftir að upplýsingarnar liggja fyrir.

Skráning nýrra upplýsinga eða viðbótarupplýsinga felur ekki í sér að afmá megi eða breyta þegar skráðum upplýsingum.

Rafrænt skráningarblað sem notað er skal staðfest af forsætisnefnd Alþingis.

Skráning að loknum alþingiskosningum skal vera aðgengileg almenningi á vef Alþingis innan 20 virkra daga eftir að skráningarfræstur er runninn út.

Upplýsingar skulu fjarlægðar af vef Alþingis þegar alþingismaður lætur af störfum. Sama á við þegar varamaður eða ráðherra sem er ekki jafnframt þingmaður lætur af störfum.

7. gr. Skrifstofa Alþingis.

Skrifstofa Alþingis útbýr og sendir alþingismönnum leiðbeiningar um framkvæmd skráningarinnar.

Starfsmaður, sem skrifstofustjóri tilnefnir, hefur umsjón með skráningunni og veitir tæknilega aðstoð eftir því sem þörf er á.

8. gr. Gildistaka og brottfall eldri reglna.

Reglur þessar, sem eru settar með stoð í 1. mgr. 80. gr. þingskapa, öðlast gildi við samþykkt forsætisnefndar. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings sem voru samþykktar á fundi forsætisnefndar 23. mars 2009.

(Samþykkt í forsætisnefnd Alþingis 28. nóvember 2011.)

